

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna

2004



© Steinunn Kristjánsdóttir 2005.
Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2004.
Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna IX.
Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir og Minjasafns Austurlands.
Útgáfustaður: Reykjavík.
ISBN 9979-9576-5-4

Forsíðumynd: Kistunaglar með kistuleifum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Samstarfs- og styrktaraðilar árið 2003	4
2.1. Kristnihátíðarsjóður	5
2.3. Fornleifasjóður	5
2.4. Nýsköpunarsjóður námsmanna	5
2.5. Culture 2000 og Leonardoáætlun Evrópusambandsins	6
2.6. IVALSA, Þjóðminjasafn Íslands og Landsvirkjun	7
2.7. Aðrar stofnanir og fyrirtæki	7
3. Starfsmenn	7
3.1. Sumarstarfsmenn	7
3.2. Sérfræðingar	8
3.3. Aðrir starfsmenn	10
4. Uppgröftur	10
4.1. Rannsóknarsvæðið	11
4.2. Klausturhús	12
4.3. Klausturkirkja og klausturgarður	14
4.4. Grafir	15
4.5. Gripir	19
5. Greiningar	21
5.1. Viðargreining	21
5.2. Frjókornagreining	22
5.3. Greining efnasamsetninga	24
5.4. Kolefnisaldursgreiningar	25
6. Niðurstöður	26
6.1. Klaustur byggt að erlendri fyrirmynd	27
6.2. Samfélagshjálpi á síðmiðöldum	28
6.3. Skriðuklaustur sem alþjóðleg stofnun	29
7. Fylgiskjöl	32
7.1. Greining mannabeina	32
7.2. Viðargreiningar	36
7.3. Greining frjókorna	38
7.4. Efnagreining litunarsteins	41
7.5. Kolefnisaldursgreiningar	44
7.6. Teikningar	53
7.7. Jarðlagaskrá	58
7.8. Fundaskrá	61
8. Heimildaskrá	62

1. Inngangur

Árið 2004 var þriðja ár fornleifarannsókna á Skriðuklaustri en uppgröftur hófst þar sumarið 2002.¹ Grafið hefur verið í rústir klaustursins tvo mánuði á sumri hverju á tímabilinu og hefur árangur verið góður. Klausturhús og kirkja Skriðuklausturs eru farin að fá á sig heildstæða mynd sem samstæð húsaþyrping með klausturgarði. Rúmlega 3000 gripir hafa fundist og verið skráðir og forvarðir, auk þess sem grafnar hafa verið upp 20 grafir og bein úr þeim rannsökuð. Ýmsar greiningar hafa verið gerðar, s.s. viðargreiningar, frjókornagreiningar, efnagreiningar og kolefnisaldursgreiningar. Unnið hefur verið að einstaka verkefnum innan ramma rannsóknarinnar, m.a. um bókagerð og garðyrkju í klaustrinu á Skriðu.

Í þessari skýrslu verður greint í stuttu máli frá uppgreftri á Skriðuklaustri en hann stóð yfir tímabilið 21. júní – 20. ágúst og sagt frá framvindu fornleifarannsóknarinnar í heild.

2. Samstarfs- og styrktaraðilar árið 2004

Skriðuklaustursrannsóknir² fengu úthlutað sjö milljónum króna úr Kristnihátíðarsjóði til rannsókna á Skriðuklaustri árið 2004. Auk þess fékk verkefnið úthlutað samtals 940 þúsundum króna úr Fornleifasjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna, auk vinnuframlags sem veitt var samhliða styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins er nam tæpum 500

¹ Meginmarkmið verkefnisins, sem ber yfirskriftina *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna*, er að rannsaka með fornleifauppgreftri klaustur það sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal á tímabilinu 1493-1554. Ein helsta rannsóknarspurning verkefnisins lýtur að byggingarlagi klaustursins en einnig er markmiðið að rannsaka þá starfsemi sem þar fór fram. Vonast er til að niðurstöður rannsóknarinnar muni jafnframt varpa skýrara ljósi á klausturhald almennt í íslenskum miðaldaklaustrum með samanburðarrannsóknum.

² Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klaustrinu, annast framkvæmd hennar og sér um að kynna almenningi. Í stjórn þess sitja Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri, tilnefnd af Minjasafni Austurlands (ritari), Hrefna Röbertsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, sr. Sigfús J. Árnason prófastur, tilnefndur af Biskupsstofu og Erna Indriðadóttir fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu, án tilnefningar (gjaldkeri). Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og rannsóknanna þar með.

þúsund krónum. Styrkir og framlög voru veitt frá fleiri fyrirtækjum og stofnunum, einkum á Austurlandi.

2.1. Kristnihátíðarsjóður

Skriðuklaustursrannsóknir eru að stærstum hluta reknar fyrir fjárframlagið úr Kristnihátíðarsjóði. Framlag til verkefnisins úr sjóðnum hefur verið það sama frá því að rannsókn hófst, sjö milljónir króna á ári hverju. Framlagið hefur fyrst og fremst verið nýtt til að greiða laun verkefnisstjóra og íslenskra sumarstarfsmanna, auk reksturs skrifstofu og uppgraftrar.

2.3. Fornleifasjóður

Sótt var um styrk í Fornleifasjóð til forvörslu gripa frá uppgreftrinum á Skriðu og fékk verkefnið 500 þús. krónum úthlutað. Styrkurinn var nýttur til þess að ráða forvörð, Guiseppe Venturini, til þess að forverja þá gripa sem hægt var að forverja á staðnum og eins til þess að ákvarða hvað þyrfti frekari forvörslu við hjá sérfræðingum á Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt samningi þar um. Guiseppe starfaði einnig sumarið 2003 við forvörslu gripa á Skriðuklaustri en í ár aðstoðuðu tveir starfsmenn uppgraftrarinn hann jafnframt við myndatöku og þökkun gripa þegar þörf krafði. Styrkurinn var ennfremur nýttur til þess að kaupa öskjur, box, sýrufrían pappír, ýmsan forvörsluvökva og poka. Forvörslu er lokið á öllum gripum sem fundist hafa frá upphafi rannsóknar á Skriðuklaustri.

2.4. Nýsköpunarsjóður námsmanna

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu tvo styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess að ráða nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands til þess að vinna að sérverkefnum. Styrkirnir námu samtals 440 þús. króna en verkefnið snérist annars vegar um garðrækt í klaustrinu og hins vegar um handritagerð og skriftir þar.

Þáttur nemans í fyrrnefnda verkefninu var að yfirfara heimildir um ræktun blóma-, lækninga-, mat- og kryddjurta miðaldaklaustrum í Evópu og bera þær saman við vísbendingar um slíka ræktun í klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal. Neminn safnaði einnig sýnum úr klausturgarðinum og vann síðan að greiningum á þeim ásamt fornvistfræðingi. Jafnframt skoðaði hann öll önnur ummerki tengd garðrækt í klaustrinu, s.s. áhöld og ílát

sem kunna að hafa verið notuð við ræktun matjurta eða lyfjagerð á staðnum. Neminn, Hákon Jensson, nýtti verkefni þetta til BA prófs í fornleifafræði við Háskóla Íslands.³

Þáttur nema, Albínu Huldu Pálsdóttur, í síðarnefnda verkefninu fólst í rannsókn og samantekt á ummerkjum bókafellsgerðar, bókbands, gerð bleks, penna og lita, auk könnunar á aðbúnaði til bókagerðar og skrifta í klaustrinu. Í rannsókninni fólst, eins og í fyrra verkefninu, bæði heimildavinna og þátttaka í uppgreftri á Skriðuklaustri þar sem gögnum var einnig aflað, og loks gerð samantektar á öflun slíkra gagna við rannsóknina. Skýrsla Albínu hefur verið gefin út undir ritröð Skriðuklaustursrannsókna.⁴

2.5. Culture 2000 og Leonardoáætlun Evrópusambandsins

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu í ár styrk úr Culture 2000 áætlun Evrópusambandsins fyrir verkefni sem miðar að miðlun niðurstaðna uppgraftrarins. Styrkurinn verður nýttur árið 2005 þegar vinna við verkefnið fer fram. Verkefnið nefnist EUROVACHE. Í því taka þátt Wales, Þýskaland, Slóvakía, Ítalía, Kýpur, auk Íslands og Skotlands þaðan sem verkefninu er stjórnað af fyrirtækinu ARCH Ltd.

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn á Kýpur þriðju vikuna í nóvember og var skiplag þess þá ákvarðað. Stefnt er að því að endurgera klaustrið á Skriðu í tölvu en að jafnframt verði hægt að skoða útlínur þess á vettvangi og verður framlag Evrópusambandsins nýtt til þessa verks. Um er að ræða eina og hálf milljón í hlut hvers lands. Það verður margmiðlunarfyritækið Gagarín sem mun sjá um þann þátt miðlunarinnar sem snýr að tölvuvinnslu en fræðimenn á ýmsum sviðum munu sjá um gerð texta.

Skriðuklaustursrannsóknir hlutu einnig, þriðja sinni, styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins. Að þessu sinni miðaði verkefnið að þjálfun nýútskrifaðra fornleifafræðinga úr breskum háskólum í stað þjálfun nema í fornleifafræði eins og verið hefur. Sótt hafði verið, sem fyrr, um styrk í áætlunina í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. Fyrir fjórframlagið, sem nam tæpum 500 þúsund króna, var greiddur allur kostnaður sem sneri að þátttöku fornleifafræðinganna í uppgreftrinum, s.s. ferðir milli landa og dagpeninga, í alls níu vikur fyrir utan laun. Þrjú fornleifafræðingar tóku þátt, þ.á.m. einn meistaranemi sem mun nýta mannabeinarannsóknir frá Skriðuklaustri til meistaraþrófs við Háskólann í Sheffield.

³ Sjá Hákon Jensson 2005.

⁴ Sjá Albína Hulda Pálsdóttir 2004.

2.6. IVALSA, Þjóðminjasafn Íslands og Landsvirkjun

Endurnýjaður var samstarfssamningur við Istituto per la Valorizzazione del Legno e delle Specie Arboree (IVALSA – Center for National Research) um vistfræðigreiningar og forvörslu á uppgraftrarstað. Tveir sérfræðingar unnu við uppgröftinn frá stofnuninni. Það var forvörðurinn, Guiseppe Venturini og dr. Nicola Macchioni sem vann við greiningu viðs. Einnig var endurnýjaður samningur við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu sérstakra gripa, svo og nýr samningur gerður við Landsvirkjun um leigu á vinnubúðum með gisti- og eldunaraðstöðu á Teigi í Fljótsdal fyrir starfsfólk. Samstarf Skriðuklaustursrannsókna við Kirkjubæjarklaustursrannsóknir var einnig elft með samnýtingu sérfræðivinnu.

2.7. Aðrar stofnanir og fyrirtæki

Aðrir styrktaraðilar Skriðuklaustursrannsókna sumarið 2004 voru Héraðsskógar á Egilsstöðum sem lánuðu verkefninu vinnuskúr og Skógrækt ríkisins á Hallormsstað sem gaf eldivið til upphitunar í honum. Klausturkaffi á Skriðuklaustri veitti verkefninu góðan afslátt á hádegisverði starfsmanna á meðan á uppgreftrinum stóð, auk þess sem Gunnarsstofnun lét því í té endurgjaldslaust aðstöðu til að þvo, ganga frá og forverja gripi, auk skrifstofuaðstöðu með aðgangi að tölvu og interneti. Tvö fyrirtæki veittu verkefninu 25 % afslátt sem fyrr af vörum til uppgraftrarins en það voru Ljósmyndavörur í Skipholti og Húsasmiðjan á Egilsstöðum.

3. Starfsmenn

Starfsmenn uppgraftrarins voru nítján, auk fjölmargra sérfræðinga, sem enn vinna sumir að greiningum af ýmsu tagi, og verkefnisstjóra sem stýrði uppgreftri.

3.1 Sumarstarfsmenn

Sumarstarfsmennirnir voru eftirtaldir en starfstími þeirra var mislangur, allt frá þremur í níu vikur:

Adriana Scheliga nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Albína Hulda Pálsdóttir nemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands
Britta Keune nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Conny Schauer nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Daniel Zwick fornleifafræðingur og MA nemi við Háskólann í Sheffield

Daniela Weber nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Enrico Bittner, nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Fredrike Kroll nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Hákon Jensson nemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands
Jón Ingi Sigurbjörnsson sagnfræðingur
Larisa Rupar nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Marcela Pena fornleifafræðingur og nemi í íslensku við Háskóla Íslands
Morwenna Rolands fornleifafræðingur
Nadine Pflüger nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Ragnheiður Gló Gylfadóttir mannfræðingur og MA nemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands
Robert Lindner nemi í arkitektúr við Háskólann í Hildesheim
Sófus Jóhannsson sagnfræðingur og grunnskólakennari
Teresa Hawtin fornleifafræðingur og MA nemi í mannbeinafræði við Háskólann í Sheffield
Þóra Pétursdóttir fornleifafræðingur og MA nemi við Háskóla Íslands



Mynd 1. Nítján sumarstarfsmenn unnu að jafnaði við uppgröftinn árið 2004, auk verkefnisstjóra og fjölmargra sérfræðinga frá ýmsum stofnunum innanlands og utan.

Einn starfsmaður, Jón Ingi Sigurbjörnsson, sá um leiðsögn um uppgraftrarsvæðið á vinnutíma en skiptu aðrir starfsmenn með sér leiðsögn um helgar. Alls sóttu um 800 gestir uppgröftinn heim nýliðið sumar.

3.2. Sérfræðingar

Sjö sérfræðingar komu að rannsóknum síðastliðið sumar og vetur. Sinntu þeir forvörslu gripa og greiningum af ýmsu tagi, s.s. viðs, efnasambanda, frjókorna og mannabeina. Teresa Hawtin sumarstarfsmaður og nemi í mannabeinafræði greindi öll mannabein frá uppgröftrinum sumarið 2004 (sjá fylgiskjal 5.1) og fór síðan dr. Niels Lynnerup

mannabeinafræðingur sérstaklega yfir greiningu hennar og leiðrétti það sem þurfti leiðréttingar við. Sjá má niðurstöður greininga í fylgiskjölum þessarar skýrslu.

Um **forvörslu** sáu eftirfarandi forverðir:

Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður á Þjóðminjasafni Íslands, Graham Edward Langford forvörður einnig á Þjóðminjasafni Íslands og Giuseppe Venturini forvörður hjá Soprintendenza ai Beni Archeologici per la Toscana.

Guisseppi vann við fyrstu forvörslu gripa á uppgraftrastað í fjórar vikur. Að venju unnu jafnframt starfsmenn uppgraftrarins við forvörslu, pökkun og frágang á gripum, ásamt Guisseppi, þegar illa viðraði til útivinnu. Öllum gripum var síðan skilað á Þjóðminjasafni Íslands að loknum uppgreftri þar sem Halldóra Ásgeirsdóttir og Graham Edward Langford sáu um frekari forvörslu á þeim og komu þeim fyrir í geymslum þar.

Um **viðargreiningu** sá:

Dr. Nicola Macchioni skógfræðingur hjá IVALSA stofnuninni í Flórens. Honum til aðstoðar var Simona Lazzeri.

Um greiningu **frjókorna** sá:

Ragnheiður Erla Bjarnadóttir fornvistfræðingur, sjálfstætt starfandi hjá ReykjavíkurAkademíunni. Hákon Jensson nemi í fornleifafræði var henni til aðstoðar. Greiningin var unnin á forvörsluverkstæði Árbæjarsafns.

Um greiningu **efnasamsetningar** í litunarsteini sá:

Jón Matthíasson efnafræðingur hjá Iðntæknistofnun.

Um **greiningu mannabeina** sá Teresa Hawtin nemi í mannabeinafræði en henni til aðstoðar var Dr. Niels Lynnerup læknir hjá Réttarlæknisfræðistofnun Kaupmannahafnarháskóla. Mannabeinafræðingarnir Guðný Zoëga og Hildur Gestsdóttir aðstoðuðu einnig og leiðbeindu Teresu við greiningarnar.


Fyrstu **kolefnisaldursgreiningarnar** voru einnig gerðar á tímabilinu á greiningarstofunni Beta Analytic Institution á Miami á Flórída í Bandaríkjunum. Sýni til kolefnisaldursgreininga voru einnig send til dr. Jans Heinemeiers á Institutt for Fysik og Astronomi í Háskólanum í Árósum en niðurstaðna er ekki að vænta þaðan fyrir en í fyrsta lagi haust eða vetur 2005/2006.

3.3. Aðrir starfsmenn

Verkefnisstjóri rannsókna á Skriðuklaustri er Steinunn Kristjánsdóttir, fl. dr. í fornleifafræði og verkstýrði hún jafnframt uppgreftri á vettvangi. Frá áramótum 2005 vann Ragnheiður Gló Gyolfadóttir mannfræðingur og MA nemi í fornleifafræði við skráningu gagna og úrvinnslu teikninga í hálfu starfi. Hún greindi jafnframt stellingar beinagrinda og gerði sérstakar töflur yfir þær. Ragnheiður Gló hefur starfað sem sumarstarfsmaður við uppgröftinn á Skriðuklaustri frá 2003.

4. Uppgröftur

Rannsókn var haldið áfram á Kirkjutúninu á Skriðuklaustri sumarið 2004 og hófst uppgröftur þar mánudaginn 21. júní og stóð hann til föstudagsins 20. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga í þá tvo mánuði sem uppgröftur stóð yfir. Greina má vel varðveittar rústir klausturhúsabyrpingu, kirkju og klausturgarðs á öllu því svæði sem hefur verið opnað.




Mynd 2. Yfirlitsteikning af jörðinni Skriðu í Fljótsdal.

Fjögur herbergi klausturhúsanna hafa verið grafin fram og farið er að sjást í það fimmta. Auk herbergjanna er rúst lítillar kapellu nyrst á rústasvæðinu. Syðst á svæðinu er svo rúst

klausturkirkjunnar og hófst gröftur á rúst hennar síðastliðið sumar. Þegar má skýrt greina vegg sem tengir saman klausturhús og kirkju og er kapellan hluti af þessari heild. Jarðsett hefur verið í klausturgarðinn næst kirkjunni en einnig í því rými sem tengir saman klausturhús og klausturkirkju, sem og í veggjum hennar. Syðst og austast er autt svæði. Líklegt er að þar hafi ræktun ýmissa plantna hafi farið fram ef marka má niðurstöður rannsóknar á hugsanlegum klausturgarði á staðnum.⁵

4.1. Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri einskorðast sem fyrr segir við svokallað Kirkjutún sem liggur um 150 metra í austurátt frá gamla bæjarstæðinu á Skriðu en þar stendur Gunnarshús í dag (mynd 2). Alls hafa tólf 35 fermetra stórir reitir nú verið opnaðir innan rannsóknarsvæðisins og er heildarstærð þess því 420 fermetrar. Reitirnir tólf eru auðkenndir með hástöfum A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K og M (mynd 3). Rétt er að minna á að heildarstærð rannsóknarsvæðisins alls er áætlað vera tæpir 1200 fermetrar, sé tekið mið af niðurstöðum forkönnunarinnar sem gerð var á staðnum sumarið 2000.⁶




Mynd 3. Sumarið 2004 var grafið í reitum F, G, H, I, J, K, og M. Lokið var við svæði F. Á svæðum G og M eru sjáanlegar um 60 grafir. Átján þeirra voru grafnar upp í ár og fleiri verða rannsakaðar sumarið 2005.

⁵ Hákon Jensson 2005, bls. 22.

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir 2001.

Áætlun sumarsins 2004 gerði ráð fyrir áframhaldandi rannsókn á klausturhúsunum, auk þess sem ákveðið var að hefja uppgröft á kirkjunni og um leið að taka upp mannabein úr gröfum í klausturgarðinum til frekari rannsóknar. Þá hafði aðeins ein gröf verið opnuð.⁷ Þess vegna var grafið á fimm nýjum svæðum sumarið 2004, þ.e. H, I, J, K og M, auk þess sem haldið var áfram greftri á reitum F og G. Lokið var við uppgröft á reit F en áður hafði verið lokið við uppgröft á reitum A, B, C, D og E.⁸ Greftri á svæðum G, H, I, K, J og M verður haldið áfram sumarið 2005 en á sumum þeirra eru örfá lög eftir.



Mynd 4. Rústir Skriðuklausturs (teikningin er birt í stærra formi aftast í þessari skýrslu).

Svæði H og I ná yfir klausturhúsin, svæði G og M kirkjugarðinn, auk þess sem á þessum svæðum og á svæði M er nyrðri veggur og eystri gafl sjálfrar klausturkirkjunnar. Svæði J nær yfir klausturgarðinn. Þar getur sem fyrr segir ræktun hafa átt sér stað en klausturgörðum var gjarnan skipt upp í minni svæði ræktunar og greftrunar.⁹

4.2. Klausturhús

Herbergi klausturhúsanna hafa verið misstór, allt frá 8 til 15 fermetra stórra klefa eða herbergja. Í einu þeirra (merkt herbergi 1 á mynd 4) hefur blek að líkindum verið seytt ef

⁷ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 10-11.

⁸ Sjá Steinunn Kristjánsdóttir 2003 og 2004.

⁹ Hales, Mick 2000, bls. 12-13; Hákon Jensson 2005, bls. 32.

marka má fund ýmissa ummerkja eftir blekgerð þar innan veggja, s.s. brennistein og víðileggi, auk tveggja seyða. Herbergi þetta var með um eins meters breiðum glugga á vesturgafli.

Herbergi 2 er stærst þeirra rýma sem grafin hafa verið fram innan klausturhúsanna en notkun þess er óljós. Vel má vera að rýmið hafi verið matsalur en í því fundust talsvert af dýrabeinum. Ekki hefur þó verið kannað markvisst hvar etið var í klaustum á þessum tíma, svo hér er um hreina ágiskun að ræða. Í tveimur hornum þessa herbergis fundust um 30 cm víðar stoðarholur en líklega var þar timburgólf.

Herbergi 3 og 4 líkjast einna helst litlum klefum en yfir þeim báðum var loft. Í öðrum þeirra fannst ofn og sérkennileg hilla, byggð inn í millivegginn (mynd 5). Í báðum þessum herbergjum fundust leifar eftir vinnu við skriftir og hugsanlega bókagerð. Meðal funda þar voru vikursteinar, stimillakk, litunarsteinar, bókarspensl, bókarskraut og hnífar, auk ljósfæra, s.s. kolu og ljóshalda af ýmsum gerðum.



Mynd 5. Á svæði D fannst sérkennilegur “skápur” með hillum, byggður inn í vegg.

Þegar uppgreftri lauk sl. haust var farið að glitta í þriðja klefann við hlið hinna tveggja og verður hann grafinn fram sumarið 2005.

Sjötta herbergið hefur einnig verið grafið fram að hluta en það tengir saman klausturhús og klausturkirkju (sjá reit F á mynd 4). Í því voru grafnar upp fjórar grafir, þrjár grafir

fullorðinna einstaklinga og eins barns. Aðeins hluti þessa rýmis hefur verið grafinn fram og er hlutverk þess óvíst. Til klausturhúsanna telst einnig kapellan sem fannst sumarið 2003 og er lýst í áfangaskýrslu 2003.¹⁰

4.3. Klausturkirkja og klausturgarður

Sem fyrr segir er greinilegt að klausturhús og klausturkirkja mynda eina samtengda heild með klausturgarði fyrir miðju. Klausturkirkjan stóð syðst og vestast í klausturhúsabyrpingunni. Hluti hennar hefur nú verið grafin fram og undan rúst yngri kirkju sem enn er sýnileg á yfirborði rannsóknarsvæðisins. Klausturkirkjan á Skriðu var nefnilega notuð áfram, ein bygginga klaustursins, eftir að klausturhald var lagt af á staðnum við siðaskiptin.

Samkvæmt úttektum var hin upprunanlega klausturkirkja endurgerð nokkrum sinnum eftir að klausturtíma lauk. Hún var minnkuð talsvert árið 1644 en skýrt mátti greina þessar breytingar við uppgröft á rústum hennar sumarið 2004. Kirkjugarðsveggur var hlaðinn umhverfis hana og kirkjugarðinn, að líkindum á 18. öld ef marka má gjóskulög á staðnum. Kirkjan var loks afhelguð árið 1793 og var bygging hennar þá komin að falli.¹¹

Greina má nú þegar nyrðri langvegg upprunanlegu klausturkirkjunnar á rannsóknarsvæðinu á Skriðu og hluta kórsins við vestari gafl hennar en hann stóð út í klausturgarðinn. Af þeim hluta kirkjunnar sem þegar hefur verið grafinn fram má ráða að grunnflötur hennar hafi verið stærri en grunnfletir annarra samtíða sóknarkirkja hérlendis, að hún hafi verið mikil að smíðum, trúlega krossarma með lofti yfir en í gólfi hennar má greina stóra stoðarsteina sem líklega hafa borið það. Leifar viðarklæðningar innan veggja hennar eru skýrt greinanlegar, þó aðeins innan þess arms hennar sem grafinn hefur verið fram (mynd 4, svæði G, K og M).

Út úr nyrðri armi kirkjunnar liggur veggur sem tilheyrir því rými er tengir kirkjuna við klausturhúsin. Sem fyrr segir hefur verið jarðsett í þar. Einnig hefur verið jarðsett meðfram kór kirkjunnar og í nyrðri langvegg hennar. Uppgreftri er langt í frá lokið á kirkjunni og verður honum haldið áfram þar sumarið 2005. Verið getur að hún sé að grunni til eldri en klausturbyggingarnar sjálfar ef marka má niðurstöður kolefnisaldursgreininga á mannabeinum úr kirkjugarðinum (sjá kafla 7.5.).

¹⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 11-12.

¹¹ Heimir Steinsson 1965, bls. 17.

Ekki er svo að sjá að jarðsett hafi verið í öllum klausturgarðinum, enda ákveðnir reitir innan slíkra garða iðulega notaðir til ræktunar jurta og grænmetis. Þar var ekki jarðað.¹² Greinilegur er auður reitur á svæði J, fyrir utan herbergi 4. Þar er þó farið að sjá í hleðslur bygginga frá landnámsöld en undir klaustrinu er fornt bæjarstæði.¹³ Greiningar á frjókornum sýna að markviss ræktun fór fram á Skriðuklaustri en mjög erfitt getur reynst að staðsetja hana nákvæmlega (sjá kafla 7.3.).

4.4. Grafir

Greina má í klausturgarðinum, veggjum klausturkirkjunnar og því rými sem liggur næst kirkjunni samanlagt einar 60 grafir. Átján þessara grafa voru grafnar upp sumarið 2004 en áður hafði ein gröf verið opnuð.¹⁴



Mynd 6. Í gröf 9 lágu bein eldri konu sem hafði þjáðst af alvarlegri sýkingu í neðri kjálka vegna tanneyðingar. Konan var jörðuð í kistu með krosslagðna fótleggi og handleggi lagða yfir maga.

Númer þeirra nítján grafa sem opnaðar hafa verið til þessa eru: 1, 3, 8, 9, 11, 12, 13, 15, 16, 18, 20, 25, 26, 42, 43, 44, 46, 51 og 53 (mynd 7). Ein heil beinagrind fannst einnig í sniði einnar grafarinnar (fundanúmer SKR 2004-36-112). Samanlagt hafa því 20 beinagrindur verið grafnar upp en stök mannabein sem hafa fundist á víð og dreif um rannsóknarsvæðið eru fjölmörg. Þau benda til þess að notkunartími kirkjugarðsins hafi verið tiltölulega langur, jafnvel lengri en klausturtíminn sem einskorðast við tímabilið 1493-1550.

¹² Hales, Mick 2000, bls. 12-13.


¹³ Steinunn Kristjánsdóttir 2001, bls. 12.

¹⁴ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 11.

Númer	Aldur	Kyn	Kista	Stelling	Hæð m	Aldursgreining (AMS)
1	3-5 ára		x	a	0,92	
3	18-19 ára	kvk	x	a	1,53	AD 1400-1450
8	50+ ára	kvk	x	e	1,55	
9	30+ ára	kvk	x	e	1,57	AD 1470-1660
11	50+ ára	kvk		a	1,51	
12	12-18 mán					
13	fóstur			d		
15	18-24 mán				0,65+	
16	6 mán					
18	fóstur		x	e	0,45-	
20	12 - 18 mán				0,70+	
25	14-18 ára	kvk		g	1,36	AD 1290-1410
26	18-19 ára	kvk		b	1,67	
42	fyrirburi		x		0,45-0,49	
43	18-23 ára	kk		f	1,68	AD 1460-1650
44	fyrirburi			c	0,5	
46	13-15 ára			h	1,24	
51	25-35 ára	kvk	x			
53	6-7 ára		x		1,00+	(AD 1520-1950)

Mynd 7. Taflan sýnir númer, kyn og aldur þeirra beinagrinda sem hafa verið rannsakaðar á Skriðuklaustri til þessa (tafla unnin af Ragnheiði Gló Gylfadóttur, 2005).


Stellingar líkanna hafa einnig verið margskonar sem gæti bent til lengra tímabils en greina má átta gerðir stellinga ef tekið er bæði tillit til fóta og handa (mynd 8). Ragnheiður Gló Gylfadóttir starfsmaður Skriðuklaustursrannsókna vann að greiningu stellinga og komst að þeirri merku niðurstöðu að munur er á því hvort hægri fótleggur er lagður yfir þann vinstri eða öfugt.




Mynd 8. Átta gerðir af líkamsstillingum sem fundist hafa á Skriðuklaustri. Í þessari gerðfræði skipta bæði hendur og fætur máli (teikn. e. Ragnheiði Gló Gylfadóttur, 2005).

Svo virðist sem hægri fótur sé lagður yfir þann vinstri þegar um konur er að ræða en þann vinstri yfir hægri þegar um karla er að ræða. Of snemmt er að staðfesta hvort kyn hafi verið ástæða mismunandi stellinga á fótum líkanna, vegna þess að aðeins ein gróf karlmanns hefur verið grafin fram til þessa.

Þrjár beinagrindanna úr kirkjugarðinum á Skriðuklaustri lágu samkvæmt stellingu a, aðrar þrjár samkvæmt stellingu e en ein beinagrind lá samkvæmt hverjum flokki annarra gerða af stellingum (sjá mynd 8). Séu stellingar beinagrindanna frá Skriðuklaustri bornar saman við sérstakt skema yfir stellingar beinagrinda úr kirkjugörðum frá miðöldum fram til siðaskipta á Norðurlöndunum, má sjá að helmingur beinagrindanna gæti verið frá 14. öld og þar með frá því fyrir klausturtíma á Skriðu (mynd 9 og 10).



Mynd 9. Skema yfir stellingar beinagrinda úr kirkjugörðum frá fyrri hluta miðalda á Norðurlöndum. Stelling A var algengust ca. tímabilið 1000-1200, B 1200-1300, C 1300-1400 og D 1400-1500 (Dahlrup Koch, Hanne og Lynnerup, Niels 2003, bls. 67).




Skriðuklaustur	a	b	c	D	e	f	g	h
Skema	C1	C2	C3	B1	D1	D2	D3	D4
Fjöldi	3	1	1	1	3	1	1	1
Tímabil (AD)	1300-1400			1200-1300	1400-1500			

Mynd 10. Stellingar beinagrinda frá Skriðuklaustri bornar saman við skemað fyrir ofan sem sýnir stellingar beinagrinda frá miðöldum á Norðurlöndum.


Kolefnisaldursgreining (AMS) á mannabeinum úr fimm gröfum ýtir undir þá tilgátu að jarðað hafi verið á Skriðu áður en klaustur var stofnað þar og byggt undir lok 15. aldar (sjá kafla 5.4. og fylgiskjöl 7.5.). Af jarðlagasamhengi má jafnframt ráða að sumar grafirnar voru teknar áður en gos varð í Veiðivötnum árið 1477 en ekki er ljóst hætt var að jarða við klausturkirkjuna. Uppgröftur á fleiri gröfum og kirkjubýggingunni sjálfri gæti skorið úr um það hvenær kirkjugarðurinn var í notkun.

Sérstaka athygli vekur einnig skýr kyn- og aldursskipting innan garðs (mynd 11). Átta grafanna teljast vera grafir barna 10 ára og yngri og flestir aðrar eru grafir ungra einstaklinga.



Mynd 11. Aldursskipting einstaklinga sem jarðaðir voru í kirkjugarði Skriðuklausturs.

Aðeins eina karlmannsgröf er að finna meðal þeirra grafa sem opnaðar hafa verið (nr. 43). Hún lá þétt meðfram nyrðri útvegg klausturkirkjunnar. Í öðrum gröfum hafa konur og börn verið jarðsett. Börnin eru á mismunandi aldri, allt frá því að vera fyrirburar til þess að vera 10 ára gömul. Elstu konurnar hlutu leg í byggingunni næst kirkjunni (nr. 8, 9 og 11) yngstu börnin næst þeim og síðan þau elstu fjærst (mynd 12).



Mynd 12. Aðeins ein beinagrind karlmanns hefur enn sem komið er fundist í kirkjugarði Skriðuklausturs.

Aldurs- og kynskipting innan kirkjugarða af því tagi sem greina má í kirkjugarði Skriðuklausturs er aðeins þekkt frá fyrstu öldum kristni á Norðurlöndum. Verið getur að þessi skipting hafi verið viðhöfð á Skriðuklaustri vegna þess að um er að ræða klausturkirkjugarð þar sem fólk keypti sér leg, ólíkt því hvað var með sóknarkirkjugarða eða heimagrafreiti.



Mynd 13. Beinagrindurnar frá Skriðuklaustri sýna skýr einkenni ýmissa alvarlegra sjúkdóma. Á þessari mynd má sjá hvar sýking í holdi hefur étíð sig inn í kinnbein þessa einstaklings.

Fleira hefur vakið athygli við greiningu mannabeinanna en það eru einkum skýr einkenni alvarlegra sjúkdóma af ýmsum gerðum á öllum beinagrindum fullorðinna úr kirkjugarðinum (mynd 13). Rétt er einnig að benda á að sjaldan er hægt að greina ummerki sjúkdóma á ungbarnabeinum og er því hér aðeins um að ræða sjúkdómseinkenni á beinum kynþroska einstaklinga. Engu að síður benda, bæði sjúkdómseinkennin og hinn mikli fjöldi ungbarnabeina, til þess að á staðnum hafi verið rekið hospital eða að klaustrið hafi verið gríðarstaður fyrir sjúka. Engar aðrar heimildir eru um slíka starfsemi þar.

4.5. Gripir

Samtals voru 1872 gripir skráðir í fundaskrá uppgraftrarins sumarið 2004 en það eru talsvert fleiri gripir borið saman við fjölda þeirra árin áður. Í skrána eru færðar inn upplýsingar um alla fundi frá uppgreftinum, þ.m.t. bein og sýni auk gripa. Úr fundaskránni frá 2004 má merkast nefna altarisstein (mynd 15), talnabandsperlur, róðukross úr tré, nokkra hnífa, brýni, kolu, brot af leirkerjum, nokkra stimpillakksmola og ýmiskonar bóka- og kertaskreytingar (mynd 14). Lokið hefur verið sem fyrr segir við

forvörslu á öllum gripum frá uppgreftrinum árið 2004 en lítið hefur verið unnið að greiningum á þeim með tilliti til formgerðarfræði og efnissamsetningar.



Mynd 14. Nokkrir gripir frá Skriðuklaustri. Tvær talnabandsperlur, hengilás af algengri miðaldagerð, brot úr innfluttu íláti úr leir, bókaraskraut, hnífur með beinskafti.

Altarissteinninn (mynd 15) fannst í rúst klausturkirkjunnar. Hann er brotinn en í horni hans má greina tákn sem gert er úr fjórum hringjum sem skarast og mynda þannig fjögurra blaða rósettu. Samskonar skraut má sjá á Grundarstólnum fræga sem varðveittur er í Þjóðminjasafni Íslands. Gera má ráð fyrir að slíkt skraut hafi verið á hverju horni hans en steinninn var brotinn þegar hann fannst. Ekki hafa fleiri gripir frá uppgreftri 2004 verið rannsakaðir frekar enn sem komið er.



Mynd 15. Altarissteinn úr andesít fannst í rúst klausturkirkjunnar. Ef myndin prentast vel má greina tákn í einu horni hans.


Ljóst er að mikið verk er fyrir höndum við greiningar gripa frá Skriðuklaustri og eiga margir þeirra án efa eftir að varpa frekara ljósi á klausturlíf á síðmiðöldum hérlendis.

5. Greiningar

Auk mannabeinagreininganna, sem greint er frá fyrr í þessari skýrslu, hefur farið fram greining á viði úr rústum Skriðuklausturs, frjókorn hafa verið greind og rannsökuð, efnasambönd í litunarsteini rannsökuð og mannabein kolefnisaldursgreind. Hér verður greint frá fjórum síðastnefndu greiningunum en vísað til kafla 4.4. og fylgiskjals 8.1. vegna mannabeinagreininganna.

5.1. Viðargreining

Viðargreining var gerð af dr. Nicola Maccihoni á rannsóknarstofunni IVALSA í Flórens á Ítalíu (sjá fylgiskjal 7.2.). Hann hefur þegar lokið við greiningar á viðarsýnum sem tekin voru sumarið 2003 en sýni sem tekin voru sumarið 2004 eru enn í greiningu. Engin viðarsýni hafa verið greind frá fyrsta ári rannsóknarinnar.



Mynd 16. Niðurstöður greininga sem gerðar voru á fjórum viðarsýnum frá sumari 2003.

Samtals hafa 15 sýni verið greind af svæðum A, B, C, D, E og F. Önnur 15 sýni eru nú í greiningu. Öll viðarsýnin sem innihéldu kol, t.d. úr ofninum á svæði D, voru greind sem birki. Önnur viðarsýni sem tekin voru af óbrenndum viði voru greind sem fura eða skógarfura en báðar tegundirnar eru þekktar rekaviðartegundir. Eitt þessara sýna var tekið

úr þröskuldi milli herbergis 3 (svæði D) og gangsins sem liggur frá kirkju yfir í kapellu (mynd 16). Þessar niðurstöður benda til þess að innviðir klausturbygginganna hafi verið úr rekaviði. Eitt sýnið var greint sem linditré og er hér því að líkindum að ræða leifar innflutts kirkjugrips af einhverju tagi, því trjategundin hvorki vex hér né rekur hingað til lands.

5.2. Frjókornagreining

Árið 2004 fengu Skriðuklaustursrannsóknir úthlutað styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess að gera rannsókn á því hvort skipuleg garðrækt hafi farið fram í Skriðuklaustri, eins og algengt var í öðrum kaþólskum klaustrum í Evrópu. Rannsóknin byggðist einkum á greiningu frjókorna og túlkun á þeim með samanburði við önnur klaustur hérlendis sem erlendis. Það var Hákon Jensson, nemi í fornleifafræði við HÍ, sem vann rannsóknina undir leiðsögn skýrsluhöfundar en Ragnheiður Erla Bjarnadóttir vistfræðingur (mynd 18) greindi frjókornin til tegunda. Árbæjarsafn veitti Skriðuklaustursrannsókum aðstöðu endurgjaldslaust til greininganna.



Mynd 17. Á teikningunni má sjá hvar sýni voru tekin til frjókornagreiningarinnar. Sýnatökustaðirnir eru merktir með tölustöfum.

Rannsóknin hófst með því að jarðvegssýni voru tekin í og við rústasvæðið á Kirkjutúninu (mynd 17). Sýnatökustaðirnir urðu alls níu talsins og tekin allt að sex sýni á hverjum stað fyrir sig og voru þau auðkennd með bókstöfum. Ekki var hægt að taka nema fá sýni á sumum stöðunum, m.a. vegna þess að jarðborinn sem sýnin voru tekinn með steytti á steini eða hafnaði í gröf. Stuðst var við gjóskulög við aldursgreiningu sýnanna en mjög auðvelt er að tímasetja hvert sýni fyrir sig vegna mikils fjölda þekktra gjóskulaga í jarðvegi á rannsóknarstaðnum.



Mynd 18. Ragnheiður Erla Bjarnadóttir vann, ásamt Hákonu Jenssýni nema í fornleifafræði, að greiningum frjókorna í ágúst og september 2004.

Ekki var til ráðstöfunar nægilegt fjármagn til þess að greina öll sýnin, svo valin voru sérstaklega þrjú númer af sýnatökustöðunum níu og þrjú sýni úr einu þeirra greind en eitt úr hinum tveimur. Sýnin sem greind voru höfðu númerin 1A, 1B, 1C, 7C og 8A. Sýni 1A var tekið í jarðvegi frá því eftir klausturtíma, sýni 1B, 7C og 8A innihéldu jarðveg frá klausturtíma en sýni 1C var tekið í jarðvegi frá því fyrir áætlaðan klausturtíma frá 1493-1550.

Við er til kafla 7.3. þar sem greint er frá þeim tegundum sem greindar voru úr sýnunum frá Skriðuklaustri. Tegundirnar voru 22 talsins úr sýnunum öllum en þar á meðal mátti m.a. greina gras, stór og fífla en ef litið er sérstaklega til mat- og lækningajurta eru niðurstöðurnar einkar athyglisverðar.¹⁵ Mat- og lækningajurtirnar sem fundust voru eftirfarandi: *Allium type* (laukur), *Betula pubescens* (birki), *Galium type/Galium Verum* (gulmaðra), *Juniperus communis* (einir), *Ranunculus type/Ranunculus acris* (brennisóley), *Rhinanthus minor* (lokasjóður), *Saxifraga type*

¹⁵ Hákon Jensson 2005, bls. 26, 31.

(steinbrjótur), *Thalictrum type/Thalictrum alpinum* (brjóstagras), *Plantago major* (græðisúra), *Urtica dioeca* (brenninetla).¹⁶

Af þeim 22 tegundum plantna sem greina mátti á Skriðuklaustri teljast tíu þeirra til lækningajurta, þar af eru þrjár mjög sjaldgæfar. Ein af þessum tíu og sjaldgæfu er laukur, sem einnig var nýttur til matar, en gullmaðran og græðisúran teljast einnig til mjög sjaldgæfra tegunda.¹⁷

Augljóst er af niðurstöðum frjórnagreiningarinnar að skipulögð garðrækt var stunduð á Skriðuklaustri á klausturtíma og jafnvel fyrir hann einnig, því í ljós kom að ræktun brenninetlu er hafin fyrir klausturtíma.¹⁸ Eins og fram hefur komið fyrir í þessari skýrslu eru það nokkur atriði sem benda til þess að hospice eða sjúkrastofnun hafi verið rekið á Skriðu áður en klaustur er stofnað og reist þar.

5.3. Greining efnasamsetninga

Greint var frá því í inngangi skýrslunnar að gerð hafi verið greining á efnisinnihaldi litunarsteins sem fannst í herbergi 4 í rústum Skriðuklausturs. Niðurstöður greiningarinnar eru birtar í kafla 7.4 undir yfirskriftinni Efnagreining litunarsteins.

Greining steinins var liður í annarri rannsókn sem einnig var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og fjallaði hún um bókagerð og skriftir í klaustrinu á Skriðu. Það var Albína Hulda Pálsdóttir sem vann rannsóknina undir leiðsögn skýrsluhöfundar en efnagreiningin var gerð af Jóni Matthíassyni efnafræðingi á Iðntæknistofnun.

Þáttur nema fólst í rannsókn og samantekt á ummerkjum bókaþessgerðar, bókbands, gerð bleks, penna og lita, auk könnunar á aðbúnaði til bókagerðar og skrifta í klaustrinu. Í rannsókninni fólst, eins og í fyrra verkefni, bæði heimildavinna og þátttaka í uppgreiftri á Skriðuklaustri þar sem gögnum var einnig aflað, og loks gerð samantektar á öflun slíkra gagna við rannsóknina.¹⁹

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru þær að greinileg ummerki um bókagerð og skriftir eru til staðar í rústum klaustursins á Skriðu og bendir greiningin á efnasamsetningu hins ætlaða litunarsteins til þess að um slíkan stein sé að ræða.

¹⁶ Hákon Jensson 2005, bls. 26-27.


¹⁷ Hákon Jensson 2005, bls. 31.

¹⁸ Hákon Jensson 2005, bls. 33.

¹⁹ Sjá Albína Hulda Pálsdóttir 2004.

5.4. Kolefnisaldursgreiningar

Sjö sýni voru tekin úr mannabeinasafni Skriðuklausturs til kolefnisaldursgreininga. Fimm af sýnunum voru send til greininga á kolefnisaldursgreiningastofunni Beta Analytic Institution á Miami í Flórída en tvö til dr. Jans Heinemeier á Institutt for Fysik og Astronomi í Háskólanum í Árósum. Niðurstöður hafa borist frá Miami en niðurstaðna er ekki að vænta frá Árósum fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.



Mynd 19. Niðurstöður úr fimm kolefnisaldursgreiningum af sjö hafa borist en ein af þeim var ekki marktæk. Hér er birtur leiðréttur aldur, 2 sigma.

Valdar voru kjúkur eða tábein af þeim beinagrindum sem greindar voru en miðað var við AMS greiningu til þess að takmarka eyðileggingu þeirra eins og frekast var unnt. Búið er að leiðrétta niðurstöðurnar og eru þær birtar í heild sinni í kafla 7.5. ásamt stuttri samantekt um hvert sýni fyrir sig.

Gjóskulög eru mjög skýr á rústasvæði Skriðuklausturs en tilgangur kolefnisaldursgeininganna var að kanna hversu lengi hefði verið jarðsett í Skriðuklausturskirkjugarði, því kirkjan þar var ekki afhelguð fyrr en tveimur öldum eftir að klausturlifnaður lagðist þar af. Niðurstöður greininganna áttu þó eftir að koma á óvart, því þær benda eindregið til þess að jarðsett hafi verið á Skriðu fyrir klausturtíma en enn er óvíst hvort jarðsett hafi verið eftir hann.

